

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/632  
komudagur 6.1.2009



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. janúar 2009  
RH/SLB/001/09

**Efni: Frumvarp til laga um sjúkraskrár, 170. mál.**

Vísað er til bréfs, dags. 9. desember 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Frumvarp þetta mun vera endurflutt frá síðasta þingi. Tryggingastofnun fékk þá frumvarpið til umsagnar. Umsögn stofnunarinnar var dags. 26. júní 2008 en ekki er að sjá að tekið hafi verið tillit til hennar í nýja frumvarpinu.

Umsögnin á enn við en þar vakti Tryggingastofnun athygli á þeirri sérstöðu stofnunarinnar að hún er ekki heilbrigðisstofnun en hefur samt sem áður í sinni vörslu mikið magn sjúkraskrárupplýsinga. Flest ákvæði frumvarpsins gengu hins vegar út á að um heilbrigðisstofnarnir væri að ræða. Taldi stofnunin eðlilegt að að ýmis ákvæði frumvarpsins td. um varðveislu sjúkraskráa og aðgang að sjúkraskrárupplýsingum ættu að gilda um sjúkraskrárupplýsingar í vörslu stofnunarinnar. Einnig taldi stofnunin vert að skoða hvort eðlilegt væri að setja ákvæði um Tryggingastofnun inn í frumvarpið og sérstöðu hennar eða breyta skilgreiningum þannig að ákveðin ákvæði næðu ótvírætt yfir sjúkraskrárupplýsingar í vörslu stofnunarinnar. Tryggingastofnun leyfir sér að ítreka framangreindar athugasemdir.

Af ofangreindu frátöldu gerir Tryggingastofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Sigríður Lilly Baldursdóttir  
forstjóri